Hér fyrir neðan er lítil saga þar sem eru orð sem innihalda ari Gerðu hring utan um orðin sem þú finnur sem eru með ari og skrifaðu þau svo á línurnar neðar á síðunni.

Ari sem er smá marinn eftir mótið fékk að taka bikarinn sem frægi leikarinn afhenti með sér heim. Dómarinn dæmdi víti sem Ari skoraði úr. Kennarinn og krakkarnir í bekknum sjá bikarinn á morgun. Hamborgarinn sem Ari er að borða er mjög góður en Ingimari bróður hans finnst sinn ekki góður og er farinn frá borðinu til að leika sér með geimfarið sitt. Mamma er farin aftur í vinnuna en hún er forritari. Ari ætlar að spila á gítarinn sinn. Plötuspilarinn fer í gang og söngvarinn, pabbi Ara er eins og rappari að syngja með þegar slagarinn heyrist.